

*Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti*

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **08.03.2013**
Málsnúmer: **ANR12090520**
Bréfalykill: **4.1.6**

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar um skýringar vegna breytinga sem lagðar eru til á 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Hvað eftirlitsgjaldið varðar þá er staðan á sjóði eftirlitsnefndarinnar í dag um 23 milljónir króna. Í fjárhagsáætlun eftirlitsnefndarinnar vegna ársins 2013 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna starfa nefndarinnar á árinu verði 23,3 millj. kr. Ljóst er því að ekki er næg innistæða í sjóðum nefndarinnar til að standa straum af áætluðum kostnaði vegna starfa hennar á árinu. Ráðuneytið taldi því rétt að leggja til lækkun eftirlitsgjaldsins úr 100.000 kr. í 75.000 kr. en með innheimtu eftirlitsgjalds að fjárhæð kr. 75.000 vegna 220 starfandi fasteignasala fengist um 16,5 millj kr. í sjóðinn. Þannig yrði gengið á sjóðinn á næstu 3-4 árum með því að innheimta lægra gjald en þarf til að standa straum af kostnaði vegna starfa eftirlitsnefndarinnar. Ljóst er að endurskoða þarf fjárhæð eftirlitsgjaldsins að þeim tíma liðnum. Ráðuneytið telur rétt að fara þá leið sem lögð er til í frumvarpinu og lækka eftirlitsgjaldið.

Þær breytingar sem lagðar eru til á 2. mgr. 19. gr. laganna hafa annars vegar í för með sér lækkun eftirlitsgjaldsins úr 100.000 kr. í 75.000 kr. og hins vegar breytingu á innheimtu gjaldsins þannig að gjaldið yrði innheimt af Fjársýslunni og greitt beint í ríkissjóð í stað þess Félag fasteignasala innheimti gjaldið og standi skil á því til eftirlitsnefndarinnar eins og kveðið er á um í núgildandi lögum.